

Þriðji fundur Vinarótar, fimmtudaginn 4. mars 2021.

Allir mættu á Teams kl. 20.30,

Fríða, Dagný, Ottó, Eydís og Ásta.

Stjórn foreldrafélagsins tók ákvörðun um að halda ekki íþróttadag eða aðra viðburði þar sem foreldrar þurfa að taka þátt, í ljósi farsóttarinnar. Þess í stað ætlum við að kanna möguleikann á að fá:

- Ljósmyndara til að taka myndir af börnunum á leikskólanum (foreldrar gætu þá fengið myndir af sínum börnum).
- Jógakennara til að koma á leikskólann og halda tíma með börnunum.
- Leikhópin í Benedikt búálf til að koma á leikskólann og taka lagið.

Enn sem komið er stefnum við að því að halda vorhátíð með foreldrum, en sennilega yrði hún tvískipt.

Við ætlum svo að hittast aftur í næstu viku og getum þá vonandi tekið ákvörðun um hvað af þessu verður gert.